

G J A L D S K R Á

fyrir Hitaveitu Laugaráss í Biskupstungum.

1. gr.

Hitaveita Laugaráss sér um dreifingu hitaorku úr veitukerfum, sem hún lætur gera, og innheimtir gjald fyrir það, eftir þeim reglum, sem settar eru fram í reglugerð um Hitaveitu Laugaráss og gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveitan lætur þeim húsum, sem tengd verða veitukerfum hennar, í té hitaorku, sem ætla má að nægi til hitunar, enda séu hitakerfi nógu stór að dómi hitaveitunnar.

Hitaveitunni er þó skylt, sé þess óskað, að sjá ábúendum jarðarinnar fyrir því vatnsmagni, sem ákveðið er í samningum þeirra við stjórnarnefnd Laugaráshéraðs.

Óheimilt er hitaveitunni að taka kaldara vatn en er í þeim hverum, sem mældir hafa verið samkvæmt skilagrein raforkumálastjóra nr. 64 frá 1963.

3. gr.

Gjöld fyrir dreifingu heita vatnsins greiðast þannig á ári:

1. Eftir vatnsmagni kr. 10 000 sekl. Sé vatnið notað eingöngu til búreksturs skal ekki frekara gjalds krafist.
2. Fasteignagjald:
 - a. Af íbúðarhúsum kr. 8.00 pr. m³ á ári.
 - b. Af iðnaðar- og verkstæðishúsum kr. 6.00 pr. m³ á ári.
3. Lágmarksgjald skal þó ekki vera minna en kr. 4000.00 fyrir hvern notanda.
4. Öll gjöld í gjaldskrá þessari miðast við utanmál húsa.
5. Gjöld fyrir heitt vatn til annarra nota en að framan greinir ákveður stjórnarnefnd Laugaráshéraðs hverju sinni.
6. Full hitaveitugjöld skal greiða frá þeim tíma að umsókn hefur komið fram um aðild að hitaveitunni og umsækjandi á kost á tengingu heimæðar frá stofnæð eða síðustu greiningu dreifiaðar.

4. gr.

Stofngjöld skulu vera sem hér segir:

1. Af hverjum dældum sekl. kr. 8000.00.
2. Af íbúðarhúsum kr. 6.00 pr. m³.
3. Af iðnaðar- og verkstæðishúsum kr. 4.50 pr. m³.
4. Lágmarksgjald skal þó ekki vera minna en kr. 3000.00.
5. Stofngjöld greiðast þegar umsækjandi á kost á tengingu heimæðar, sbr. 3. gr.
6. málslið.

Hitaveitugjöld samkvæmt 3. gr. skulu krafín ársfjórðungslega. Hver húseigandi ber ábyrgð á því, að stofngjöld og hitaveitugjöld séu greidd af húsi hans. Sé reikningur ekki greiddur þegar hann er sýndur, ber gjaldanda að greiða hann þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki greidd að fullu innan 14 daga frá gjalddaga.

5. gr.

Öll gjöld samkv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

6. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka fyrir rennsli heita vatnsins til þess notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld sín. Ákvörðun um lokun tilkynnist með 14 daga fyrirvara í ábyrgðarbréfi eða símskeyti. Kostnað af slíku greiðir sá, sem vanskilum veldur.

7. gr.

Starfsmönnum hitaveitunnar skal hvenær sem er frjáls aðgangur að stilli-krönum, hemlum og ef settir verða mælar eða önnur stillitæki, sem eru í sambandi við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta fyrir mælum starfsmanna hitaveitunnar gegn misnotkun heita vatnsins.

8. gr.

Heimilt er stjórnarnefnd Laugaráshéraðs að hækka eða lækka gjöld í gjaldskrá þessari um allt að 20% án staðfestingar ráðuneytisins, þó ekki nema til eins árs í senn.

Gjaldskrá þessi, sem samin er af stjórnarnefnd Laugaráshéraðs staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 3 31. jan. 1953 um hitaveitur utan Reykjavíkur til að öðlast gildi frá 1. janúar 1968 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá Hitaveitu Laugaráss nr. 215 10. september 1964.

Félagsmálaráðuneytið, 19. desember 1967.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ**um búfjárhald í Hafnarfirði.**

1. gr.

Búfjárhald (nautgripa-, hrossa-, svína- og sauðfjárhald svo og alifuglarækt) er óheimilt í Hafnarfirði, nema með sérstöku leyfi bæjarráðs.

2. gr.

Sá, sem hyggst sækja um leyfi samkvæmt 1. gr., skal senda umsókn um það til bæjarráðs. Í umsókninni skal gera grein fyrir fjölda búfjárins, sem óskað er leyfis fyrir, hvernig geymslu þess skuli háttað og öðru, er máli kann að skipta.

3. gr.

Nú telur bæjarráð að skilyrði til búfjárhalds séu fyrir hendi, og skal þá veita leyfið; má veita það til ákveðins tíma eða ákveða tiltekinn frest til afturköllunar. Ef leyfishafi brýtur reglur um meðferð búfjár, t. d. gætir þess ekki á fullnægjandi hátt, má afturkalla leyfið fyrirvaralaust.